

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2022

Tilvísun: 202112-0021

SS

SS

### **Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við aðflugsljós á Egilsstaðaflugvelli.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 7. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort tilkynnt framkvæmd Isavia Innanlandsflugvalla um aðflugsljós á Egilsstaðaflugvelli eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Framkvæmdin felst í að setja upp aðflugsljós norður af nyrðri flugbrautarenda Egilsstaðarflugvallar og jarðvegsfyllingu undir þau ljós. Heildarlengd á svæðinu sem aðflugsljósin verða á eru 715 metrar frá norðurenda flugbrautarinnar. Þá þarf að gera litla landfyllingu í skurðinum sem Eyvindará rennur um og breikka skurðinn til að rennsli um hann heftist ekki.

Framkvæmdasvæðið er að stærstum hluta á óröskuðu votlendissvæði sem er á náttúruminjaskrá. Svæði nr. 647 – Egilsstaðanes og Finnsstaðanes. Náttúrufræðistofnun vill benda á að stofnunin telur að útbreiðsla votlendis á Finnsstaðanesi sé meiri í raun en sést á vistgerðakorti stofnunarinnar. Við fjarkönnun sem notast hefur verið við kortlagningu vistgerða geta runnamiklar mýrar með víði og fjalldrapa stundum misgreinst sem mólendisvistgerðir. Athuganir á vettvangi í Finnsstaðanesi hafa sýnt að nær samfelld votlendi er á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þar sem skiptast á forblautir flóar þar sem gulstararflóavist og tjarnastararflóavist eru ríkjandi og þurrari blettir með runnamýravist þar sem víðir hefur talsverða þekju innan um mýrastör og gulstör. Mólendi er mun minna en vistgerðakortið sýnir. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er því nær eingöngu votlendi. Ljóst er að um töluverða röskun á votlendi er að ræða því þótt heildarsvæðið sem raskast sé ekki stórt að flatarmáli eða um 0,5 hektarar þá sker það svæðið um miðbik þess vel yfir hálfan kílómetur. Votlendi að þessari stærð falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun, og ber einungis að raska ef um ríka almannahagsmuni er að ræða.


Framkvæmdasvæðið er búsvæði fugla m.a. varplönd andfugla. Í tilkynningunni kemur fram að sambærileg ljós hafi verið sett upp á votlendissvæði á náttúruminjaskrá sunnan við



Akureyrarflugvöll og talið að þau hafi haft lítil áhrif á fuglalíf. Ekki hefur þó verið kannað, hvorki við Akureyrar- né Egilsstaðaflugvöll hvort hættu sé á að notkun aðflugsljósa trufla fugla t.d. á varptíma. Þörf væri á að rannsaka það betur. Almennt ætti að forðast framkvæmdir á varptíma eins og hægt er.

Þótt óafturkræft rask sé af framkvæmdunum og þær fari fram á náttúruverndarsvæði og á verðmætu votlendi er óneitanlega um frekar umfangslitla framkvæmd að ræða og því telur Náttúrufræðistofnun ekki að hún þurfi að fara í fullt mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er mjög mikilvægt að fara mjög varlega við framkvæmdir í Finnsstaðanesi og forðast ber allt óþarfa viðbótarrask því votlendið þar hefur mjög hátt verndargildi. Þá ber að forðast að stunda framkvæmdir á varptíma fugla. Einnig ætti að hafa í huga að starfsemi aðflugsljósa getur mögulega truflað fuglalíf.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.  
Náttúrufræðistofnun Íslands.

